

## Rammagrein 4

# Forsendur um þróun launa í spám Seðlabankans

Við gerð þjóðhagsspáa Seðlabankans eru notaðar tölur úr framleiðsluuppgjöri þjóðhagsreikninga Hagstofu Íslands fyrir laun og launatengd gjöld. Þar sem þessar tölur birtast með nokkurri töf er einnig byggt á mati sérfræðinga bankans á nýlegri þróun launa þar sem notast er við margvíslega mælikvarða á innlendri launaþróun, m.a. launavísitölu Hagstofunnar. Mat sérfræðinga bankans á launaþróun á spátímanum byggist síðan á áætlunum um kostnað vegna kjarasamninga á öllum vinnumarkaðnum og forsendum um almennt launaskrið. Reynslan hefur sýnt að það eru einkum tveir þættir sem valda skekkjum í áætlunum bankans á sögulegri launaþróun: annars vegar endurskoðun á þjóðhagsreikningum Hagstofunnar sem hafa verið endurskoðaðir bæði til lækkunar og hækkunar og því leitt til bæði of- og vanmats á launaþróun og hins vegar hefur launaskrið verið vanmetið.

### Tölur þjóðhagsreikninga


Við mat á heildarlaunakostnaði byggir bankinn á gögnum Hagstofunnar um þróun launakostnaðar í framleiðsluuppgjöri þjóðhagsreikninga. Þar sem þessar tölur endurspeglar heildarlaunakostnað að meðtöldum launatengdum gjöldum eru laun án launatengdra gjalda fundin með því að leiðrétta tölur Hagstofunnar með áætlun sem bankinn gerir um þróun launatengdra gjalda (fyrst og fremst þróun lífeyrissjóðsframlags atvinnurekenda og tryggingargjalds). Til að fá laun sem verð á vinnueiningu eru þau síðan umreiknuð yfir í ársverk með gögnum um fjölda starfandi og meðalvinnutíma úr vinnu-markaðskönnun Hagstofunnar. Þar sem framleiðsluuppgjör Hagstofunnar er einungis til á ársgrundvelli er launaröðinni síðan skipt upp á ársfjórðunga með tölfræðiaðferðum sem tryggja að ársþróun launa stemmi við ársgögn Hagstofunnar en að þróunin innan ársins verði sem næst breytingum á launavísitölunni.<sup>1</sup>

Seðlabankinn notar launagögn úr framleiðsluuppgjöri Hagstofunnar fremur en að nota launavísitölu Hagstofunnar beint við mat á innlendri launaþróun. Ástæðan er sú að launavísitalan sýnir einungis breytingar á reglulegum launum (grunnlagvinnulaunum, vaktálagi, álagsgreiðslum, kostnaðargreiðslum og afkastatengdum bónusgreiðslum sem gerðar eru upp á hverju útborgunartímabili) þeirra einstaklinga sem eru í sama starfi, hjá sama fyrirtæki og í sömu atvinnugrein en tekur ekki tillit til mikilvægra þátta sem hafa einnig áhrif á launakostnað fyrirtækja (eins og yfirvinnugreiðslur, uppmælingar, ákvæðisgreiðslur og ýmsar aðrar greiðslur sem ekki eru gerðar upp á hverju útborgunartímabili) auk breytinga í samsetningu vinnuafslins. Eins og sjá má á mynd 1 getur munað nokkru á milli þessara mælikvarða á innlendri launaþróun, enda eru þeir að mæla ólíka hluti.

Einn galli við að byggja á framleiðsluuppgjöri þjóðhagsreikninga er að sögulegar tölur þjóðhagsreikninga geta breyst í hvert skipti sem ný endurskoðun liggur fyrir enda aðeins bráðabirgðatölur í byrjun, og liggja þessar tölur jafnan ekki fyrir í endanlegri mynd fyrr en eftir nokkur ár. Hagstofan birtir nýjar tölur um laun og launatengd gjöld í mars á hverju ári, við birtingu fyrstu talna fyrir liðið ár. Í fyrra voru þær hins vegar uppfærðar í september þegar nokkuð umfangsmikil staðlabreyting þjóðhagsreikninga tók gildi og einnig í ár vegna nýrra gagna. Nýjasta endurskoðun Hagstofunnar sýnir að laun og launatengd gjöld voru 1,6% hærrí í fyrra en áður birtar tölur sýndu (mynd 2).


Endurskoðun sögulegra talna er ýmist til lækkunar eða lækkunar og sýnir enga augljósa kerfisbundna hegðun. Sem dæmi má

Mynd 1  
Mismunandi mælikvarðar á þróun launa



Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

Mynd 2  
Laun á ársverk



Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

1. Útkoman er launaröð sem ætíð má finna í gagnagrunni þjóðhagslíkans Seðlabankans sem birtur er með *Peningamálum* hverju sinni.

taka árið 2008 en það ár breyttist einna mest við endurskoðun þjóðhagsreikninga í september sl. Fyrstu tölur fyrir árið 2008 voru birtar í mars 2009 og sýndu 8,3% hækkun launa og launatengdra gjalda milli ára (mynd 3). Á þeim rúmu sex árum sem eru liðin síðan fyrstu tölur birtust fyrir árið 2008 hefur matið breyst í hvert sinn sem nýjar tölur birtust og oft verulega. Samkvæmt nýjustu tölum fyrir árið 2008 hafa laun og launatengd gjöld hækkað um 3,1% milli ára eða 5,2 prósentum minna en samkvæmt fyrstu birtu tölum og 4,1 prósentu minna en talið var í mars sl. Sá munur sem er á þeim tölum sem notaðar voru í þeirri spá sem birt var fyrir uppfærslu þjóðhagsreikninga og nýjustu uppfærslu er því helsti skekkjuvaldur áætlunar launa fyrir liðandi ár.

### Áætlun launa á spátímanum

Til að áætla launaþróun á nýliðnum tíma og á spátímanum er lagt mat á kjarasamningsbundnar hækkningar launa bæði á almennum og opinberum vinnumarkaði, hækkningar í tengslum við framkvæmd samninga og launaskrið. Við mat á kostnaðaráhrifum umsaminna launahækkana er stuðst við kostnaðarmat samningsaðila sem segja má að gefi gólfíð á matinu. Síðan er lagt mat á hvernig umsamdar hækkningar munu koma fram í tengslum við framkvæmd kjarasamninga í fyrirtækjum og stofnunum m.a. með því að ræða við fyrirtæki, stofnanir og stéttarfélag. Sem dæmi má nefna að í síðasta kjarasamningi var m.a. samið um að frá grunnlaunahækkun ársins í ár skyldi draga þær launahækkningar sem starfsmaður hefði fengið frá febrúar 2014. Það er hins vegar líklegt að einhverjir atvinnurekendur framkvæmi kjarasamninginn með öðrum hætti. Hafi starfsmaður t.d. fengið hækkun á tímabilinu vegna þess að hann hefur tekið að sér aukin verkefni eru sennilega fáir atvinnurekendur sem draga þá hækkun frá við útreikning á launahækkun starfsmannsins.


Einnig er lagt mat á áætlað launaskrið á spátímabilinu. Ekki er til nein ein skilgreining á hvað nákvæmlega er átt við með orðinu *launaskrið*. Samkvæmt íslensku alfræðiorðabókinni er launaskrið „hækkun launa umfram ákvæði kjarasamninga, af völdum yfirborgana“. Samkvæmt þessari skilgreiningu væri það launaskrið sem nefnt var í dæminu hér að framan um kostnað við framkvæmd samninga. Við mat Seðlabankans á launaskriði á spátímanum er einnig horft til allra annarra þátta sem gætu haft áhrif á launaþróun en samningsbundinna hækkana og kostnaðar við framkvæmd samningsins. Þættir eins og bónusar og álagsgreiðslur skipta hér máli, en mestu skiptir þó hvort og þá hve mikill slaki eða spenna er á vinnumarkaði.<sup>2</sup>

### Mismunandi niðurstaða eftir því hvaða forsendur eru notaðar

Til að skýra ferlið við mat á launaþróun frekar er hægt að skoða hvaða áhrif mismunandi forsendur hafa á hækkun launa milli ársmeðaltala 2014-2015. Útgangspunkturinn er mat bankans á hækkun launa í ár en í spánni sem birt er í þessu hefti *Peningamála* er gert ráð fyrir að laun hækki um 10,4% milli ársmeðaltala. Þetta er sama hækkun og var í spánni sem birt var í ágúst þrátt fyrir að nú sé gert ráð fyrir að laun hækki meira í ár en þá var áætlað og er skýringin sú að nýjar tölur Hagstofunnar sýna að laun voru að meðaltali hærri 2014 en fyrri tölur höfðu sýnt. Ef hins vegar væri gengið út frá tölum Hagstofunnar eins og þær voru fyrir endurskoðun hefði hækkunin milli ársmeðaltala orðið 10,9% eða 0,5 prósentum meiri en í ágústspánni. Ef miðað væri við þróun launavísitölunnar árið 2014 en ekki þjóðhagsreikninga væri hækkunin milli ársmeðaltala í ár hins vegar 10,1%.

Mynd 3

Laun og launatengd gjöld árið 2008 eftir birtingarári



Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

2. Seðlabankinn hefur haft tilhneigingu til að vanmeta launaskrið sem hefur orsakað skekkjur í spám bankans.

Fram til ársins 2014 hefur verið nánast regla að launahækkunir tóku gildi í þeim mánuði sem samningurinn var undirritaður. Í samningum sem gerðir hafa verið síðan þá hefur reglan hins vegar verið að hækkunir taki gildi mun fyrr. Þær koma hins vegar ekki fram í launavísitölu Hagstofunnar fyrr en búið er að samþykkja kjarasamninginn og farið er að greiða eftir honum. Þegar launahækkunir á árinu eru metnar er hins vegar réttara að miða við þann tíma sem hækkunir taka gildi en ekki þann tíma sem þær koma fram í launavísitölunni og er það gert í mati bankans. Væri hins vegar miðað við hvenær hækkunin kemur fram í launavísitölunni yrði hækkunin milli ársmeðaltala 9% í stað 10,4%, en hækkunin milli ársmeðaltala á næsta ári yrði hins vegar meiri í staðinn eða 11,1% en ekki 9,1% eins og gert er ráð fyrir í spánni nú.

Að lokum er rétt að hafa í huga að við mat á launahækkunum á árinu er ekki nóg að horfa á umsamdar prósentuhækkunir í nýjum samningum heldur verður að horfa til þess að laun hafa þegar hækkað nokkuð á árinu, hvort sem það er vegna framkvæmdar eldri kjarasamninga eða launaskriðs. Þannig hafði launavísitalan t.d. þegar hækkað um 2,2% á árinu (frá desember 2014 til maí 2015) þegar fyrstu áhrif nýrra kjarasamninga komu fram í launavísitölunni í júní og um 4,6% ef miðað er við meðaltal ársins 2014.